

FUNDARGERÐ

Mánudaginn 9. nóvember 2015 kl. 12:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsakynnum innanríkisráðuneytisins. Fundurinn fór fram í Sölvhólsvör, fundarherbergi ráðuneytisins á 1. hæð, Sölvhólsögötu 7, Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Guðný Sverrisdóttir formaður, Ásgerður Gylfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurjónssyni, Elínu Gunnarsdóttur, Elínu Pálsdóttur og Guðna Geir Einarssyni. Gestir fundarins voru Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur hjá Sambandinu, Vilmundur Gíslason framkvæmdastjóri Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og Bryndís Snæbjörnsdóttir, fulltrúi í stjórn félagsins.

Guðný Sverrisdóttir formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

FUNDARGERÐ FRÁ 16. OKTÓBER 2015

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerð frá fundi ráðgjafarnefndar 16. október sl. sem var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

REGLUGERÐ UM FRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK 2016

Formaður bauð þá Karl og Tryggva velkomna á fundinn til umfjöllunar um nýja reglugerð vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2016.

Í máli Karls kom fram að nú lægi fyrir mjög ítarleg skýrsla verkefnisstjórnar um endurmat á yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks. Á grundvelli hennar ætti Sambandið nú í viðræðum við ríkið um fjármögnun málaflokksins til framtíðar og breytingu á álagningarprósentu útsvars. Vonir stæðu til að niðurstaða þeirra umræðna lægi fyrir áður en fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2016 væri lokað 27. nóvember nk.

Karl lét þess getið að í vinnu verkefnisstjórnarinnar hefði sérstaklega verið fjallað um jöfnunaraðgerðir í tengslum við yfirfærsluna og þá sérstaklega um útreikning útgjaldaþarfar á grundvelli 80/20% reglunnar og 33% reglunnar í tengslum við SIS matið. Lögð hefði verið áhersla á að framangreindar reglur væru teknar til endurskoðunar við vinnu að reglugerð um framlög vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2016 sem vonir stæðu til að lægi fyrir hið fyrsta.

Á fundinum var 80/20% reglan og 33% reglan ræddar ítarlega og gerð grein fyrir mögulegum áhrifum breytinga þeirra reglna á útreikning útgjaldaþarfar einstakra þjónustusvæða/sveitarfélaga. Jafnframt var rætt um mögulega breytingu á útreikningi útgjaldaþarfar með því að taka inn fleiri breytur í útreikninginn m.a. vegna fjarlægða innan svæða.

Í lok umfjöllunar um mögulegar breytingar í nýrri reglugerð á útreikningi framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2016 var samþykkt að leggja til að frekari skoðun færi fram á framangreindum þáttum í útreikningi framlaganna fyrir næsta fund.

MÁLEFNI REYKJADALS

Formaður bauð þau Vilmund og Bryndísi velkomin til fundarins til umfjöllunar um málefni Reykjadal.

Á fundi ráðgjafarnefndar 23. september sl. var lagt fram til umfjöllunar erindi Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra frá 15. september 2015 en félagið ber ábyrgð á rekstrinum í Reykjadal þar sem fram fer orlofs- og helgardvöl fyrir fötluð börn og ungmenni. Í erindinu gerir framkvæmdastjórinn grein fyrir fjárhagsstöðu verkefnisins og óskar eftir fundi með ráðgjafarnefndinni þar að lútandi.

Fram kom á fundinum nú að 99,5% af framlögum frá ríki og gjöldum notenda færi í launakostnað og því væri ekki ráðrúm til að fara í nauðsynlegar viðhaldsframkvæmdir en öll fjármögnun framkvæmda

kemur nú af sjálfsaflafé og gjöfum frá velunnurum félagsins sem ekki væri hægt að treysta á til frambúðar.

Frá árinu 2011, eða við yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks, hefur Reykjadalur notið framlaga úr Jöfnunarsjóði á grundvelli samkomulags við innanríkisráðuneytið vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og nemur framlagið 58,7 m.kr. á árinu 2015 en um helmingur þess kemur í gegnum tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í tengslum við framlög ríkisins til eflingar tónlistarfræðslu.

Rætt var um mögulega fjármögnun verkefnisins á næsta ári og til framtíðar en frekari umræðu þar að lútandi var samþykkt að fresta til næsta fundar nefndarinnar. Jafnframt samþykkti nefndin að fyrir næsta fund lægju fyrir upplýsingar um hvort starfsemin í Reykjadal væri leyfisskyld.

GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN 2015

Fjáraukalög 2015.

Á grundvelli frumvarps til fjáraukalaga 2015 er lagt til að lögbundin framlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga frá ríki hækki um 716 m.kr. á árinu 2015. Þar af nemur hækkun á 2,12% framlaginu, er tekur mið af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs, 668 m.kr. Hækkun 0,264% framlagsins, er tekur mið af álagningarstofni útsvars fyrir næstl. tekjuár, nemur því 48 m.kr.

Tekjuhlið greiðslu- og rekstraráætlunar sjóðsins fyrir árið 2015 hafði verið endurskoðuð með tilliti til þessa. Áætlun um framlög úr ríkissjóði á árinu 2105 nemur nú 18.702 m.kr. í stað 17.921 m.kr. en þar af nema viðbótarframlög vegna húsaleigubóta og NPA notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar 3.133 m.kr.

Að teknu tilliti til áætlaðrar hækkunar á ráðstöfunarfjármagni sjóðsins hafði farið fram endurskoðun á gjaldahlið áætlunarinnar hvað bundin framlög til Sambands íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga varðar, framlag til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts og framlag vegna almennra húsaleigubóta.

Með tilvísun til framangreindra viðbótarlekna og endurskoðunar á gjaldahlið áætlunarinnar nemur áætlun um óráðstafað fjármagn um áramótin 957 m.kr. Nefndin samþykkti að leggja til að beðið væri með ráðstöfun þess fjármagns þar til frumvarp til fjáraukalaga væri orðið að lögum í desember.

Nefndin samþykkti endurskoðaða greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins á grundvelli frumvarps til fjáraukalaga 2015 með þeim fyrirvara að áætlaðar tekjur sjóðsins af sérstökum bankaskatti á árinu væru réttar eða um 702 m.kr.

EFLING TÓNLISTARFRÆÐSLU

Viðbótarframlög á árinu 2015

Eins og áður hefur komið fram á fundum nefndarinnar hefur mikill fjárhagsvandi gert vart við sig hjá nokkrum tónlistarskólum í borginni á liðnum árum og er svo komið að sumir þeirra eru vart rekstrarhæfir.

Í bréfi Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 27. ágúst 2015, sem tekið var til umfjöllunar á fundi ráðgjafarnefndar í september settu framkvæmdastjóri Sambandsins og borgarstjórinn í Reykjavík fram tillögur sínar að lausn á bráðum fjárhagsvanda tónlistarskóla í Reykjavík.

Í tillögunni er gert ráð fyrir því að borgin greiði 90 m.kr. á þessu ári til tónlistarskólanna í borginni á móti 60 m.kr. frá ríki sem berast munu Jöfnunarsjóði á grundvelli fjáraukalaga 2015 og ætlað er að renni eingöngu til þeirra skóla sem hafa safnað skuldum vegna þjónustustigs umfram ramma Jöfnunarsjóðs og 30 m.kr. sem til ráðstöfunar eru vegna lausnar á bráðavanda tónlistarskóla á grundvelli laga, nr. 72/2015, um breytingu á ýmsum lögum

vegna samkomulags ríkis og sveitarfélaga um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna ársins 2015.

Með tilvísun til þessa munu því viðbótarframlög að fjárhæð samtals 90 m.kr. renna til sveitarfélaga á árinu 2015 úr Jöfnunarsjóði til viðbótar við þær 520 m.kr. sem koma úr ríkissjóði á fjárlögum vegna eflingar tónlistarfræðslunnar þó að samkomulag ríkis og sveitarfélaga þar að lútandi frá 13. maí 2011 hafi ekki verið framlengt hvað árið 2015 varðar.

Tillaga að úthlutun viðbótarframlags vegna bráðavanda tónlistarskóla

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að úthlutun 30 m.kr. viðbótarframlags til lausnar á bráðavanda tónlistarskóla.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að framlaginu væri úthlutað á grundvelli sömu skiptihlutfalla og notuð eru við úthlutun 520 m.kr. framlagsins á árinu 2015.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS ALMENN FRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK 2015

Drög að endurskoðaðri úthlutun framlaga að teknu tilliti til nýliðunar.

Fram kom að unnið væri að útreikningi að endurskoðaðri áætlun um úthlutun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015 að teknu tilliti til nýliðunar á þjónustusvæðum og athugasemda sem hafa borist varðandi stöðu þjónustunnar á árinu 2015.

Að fengnum niðurstöðum nokkurra SIS-mata og frekari skoðunar á innsendum gögnum nokkurra svæða verður hægt að birta endurskoðaða áætlun um úthlutun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2016.

Skólaskrifstofa Austurlands

Lagt var fram til kynningar bréf frá Skólaskrifstofu Austurlands, dags. 21. október 2015. Í bréfinu kemur fram að á fundi framkvæmdastjórnar skólaskrifstofunnar 13. október 2015 hafi verið fjallað um aukinn launakostnað í tengslum við yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks sem alfarið sé tilkominn vegna leiðréttingar á starfsmati eftir síðustu kjarasamninga. Hvatt er til leiðréttinga á framlögum vegna málaflokksins vegna þessa.

Í bréfinu er jafnframt hvatt til að niðurstöður um framlög vegna málaflokksins berist þjónustusvæðum tímanlega svo hægt sé að gera raunhæfar áætlanir í samræmi við það fjármagn sem ætlað er til málaflokksins.

NOTENDASTÝRÐ PERSÓNULEG AÐSTOÐ

Tillaga að úthlutun framlaga 2015.

Fram kom að umsóknir hefðu borist frá 10 þjónustusvæðum/sveitarfélögum vegna gerðra NPA samninga á árinu 2015. Samtals er um að ræða 55 samninga í samanburði við 51 samning á árinu 2014. Heildarfjárhæðir innsendra samninga nemur tæpum 665 m.kr. og áætlað framlag á grundvelli 20% kostnaðarþátttöku Jöfnunarsjóðs nemur því 132,9 m.kr.

Að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns sjóðsins á árinu 2015, sem nemur um 150,0 m.kr., samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að framangreindar umsóknir væru teknar til greina og til úthlutunar kæmi framlag að fjárhæð 132,9 m.kr.

LENGD VIÐVERA

Framlög vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólanemenda í 5.–10. bekk og fatlaðra framhaldskólanemenda fellur undir fjárhagsramma vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks. Fjármagn til ráðstöfunar nemur 89,0 m.kr., 70,0 m.kr. vegna grunnskólanemenda og 19,0 m.kr. vegna framhaldsskólanemenda.

Fram kom að umsóknir hefðu borist vegna 197 fatlaðra grunnskólanemenda á vorönn 2015 og 206 á haustönn. Hvað framhaldsskólanemendurnar varðar voru umsóknir 100 á vorönn og 105 á haustönn. Samtals fjölgaði umsóknum vegna grunnskólanemenda á árinu um 26 en umsóknum vegna framhaldsskólanemenda um 3.

Að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns sjóðsins að fjárhæð 89,0 m.kr. og fjölda umsókna samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að greiðsla vegna hvers grunnskólanemenda næmi 188.325 kr. á vorönn 2015 og 159.709 kr. á haustönn en vegna hvers framhaldsskólanemenda 100.700 á vorönn og 85.048 á haust.

Fram kom hjá nefndarmönnum að mikið bæri á milli greiðslna sjóðsins á framlögum vegna lengdrar viðveru og kostnaðar sveitarfélaga/þjónustusvæða vegna hennar.

INNRA EFTIRLIT MEÐ ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK

Hafnarfjarðarkaupstaður

Á árinu 2014 komu til úthlutunar um 3,5 m.kr., skv. c-lið 5. gr. reglugerðar, nr. 242/2014, um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014. Framlaginu var úthlutað vegna starfa samráðshóps Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um þjónustu við fatlað fólk hvað varðar innra eftirlit með starfsstöðvum sem þjónusta fatlað fólk, sbr. 4. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992. Um 50% starf var að ræða sem stóð yfir í 9. mánuði. Um tilraunaverkefni var að ræða og barst skýrsla um framgang verkefnisins.

Borist hafði samsvarandi beiðni, dags. 1. september 2015, frá samráðshópnum um úthlutun framlags, skv. c-lið 5. gr. reglugerðar nr. 631/2015, vegna yfirstandandi árs sem lögð var fram til umfjöllunar á fundinum.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að afgreiðslu beiðninnar vegna ársins í ár væri frestað þar til ítarlegri gögn lægju fyrir hjá sjóðnum um verkefnið á árinu.

HEILDARENDURSKOÐUN JÖFNUMARSJÓÐS SVEITARFÉLAGA

Skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands

Farið var yfir skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um heildarendurskoðun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Fram kom að umsögn Hagfræðistofnunar um heildarendurskoðunina hafi verið jákvæð. Stofnunin setti fram nokkrar ábendingar sem teknar voru til greina en að mati Hagfræðistofnunar er hér um mun markvissara jöfnunarkerfi að ræða en núverandi kerfi. Þannig yrði dreifing fjármagns mun meira í samræmi við raunverulega þörf sem þjónar hlutverki jöfnunar betur en í núverandi kerfi.

Fram kom að vinnu við heildarendurskoðun á regluverkinu væri í rauninni lokið en eftir væri að sníða ákveðna vankanta af nýja kerfinu. Í kerfinu þarf að vera ákveðinn hvati sem kæmi til með að stuðla að hagkvæmari rekstri sveitarfélaga. Einnig er nauðsynlegt að auka hvata til sameininga hjá sveitarfélögum en ekkert í nýja eða gamla kerfinu er til þess fallið að fjölga sameiningum sveitarfélaga.

ÖNNUR MÁL

Fundur með forstöðumönnum skólaskrifstofa

Á fundi ráðgjafarnefndar 16. október var samþykkt að leggja til að fundurinn færi fram föstudaginn 27. nóvember nk.

Hvað dagskrá fundarins varðar þá liggur fyrir að Guðjón Bragason, sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, muni vera með erindi er fjallar um samkomulag ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarfræðslu og tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Hrund Logadóttir, verkefnastjóri í sérkennslu hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, mun vera með erindi um sérskóla og sérdeildir borgarinnar ásamt fulltrúum frá Klettaskóla og Brúarskóla. Krístrún Sigurjónsdóttir, deildarstjóri móttökudeildar Lækjarskóla og kennsluráðgjafi mun fjalla um reynslu sína af móttöku innflytjenda, flóttamanna og hælisleitenda. Hulda Karen Daníelsdóttir verkefnastjóri mun kynna þau verkefni sem hún er að vinna að.

Næstu fundir

Næsti fundur nefndarinnar verður haldinn 27. nóvember nk. kl. 10:00. Kl. 14:00 sama dag verður síðan fundurinn með forstöðumönnum grunnskóla, sbr. hér að framan.

Stefnt er að fundi þann 11. desember en þá mun m.a. fara fram uppgjör tekju- og útgjaldajöfnunarframlaga sjóðsins vegna ársins 2015.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið um kl. 16:00.

Elín Pálsdóttir